



Póst- og fjarskiptastofnun  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 11. nóvember 2019  
Tilv.: SRN19110018/6.12.2

Ráðuneytið vísar til laga nr. 98/2019 um póstþjónustu sem taka gildi 1. janúar 2020.

Ljóst er að umtalsverð óvissa er um þróun á póstmarkaði á næstu árum. Þann 1. janúar næstkomandi fellur niður einkaréttur Íslandspósts ohf. (ÍSP) á bréfum undir 50 g, bréfum fækkar ört og pakkasendingum innan lands og milli landa hefur fjlögað mikið á síðustu árum. Að auki eru nú í gangi umfangsmiklar skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir hjá núverandi alþjónustuveitanda (ÍSP) sem ekki sér fyrir endann á. Ekki er því ljóst hve miklu nýlegar breytingar og fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir muni skila í rekstri ÍSP. Þá hefur rekstrarstaða núverandi alþjónustuveitanda verið erfið.

Ráðuneytið hefur frá samþykkt nýrra póstlagá átt samtal við núverandi alþjónustuveitanda í pósti með það að leiðarljósi að afla upplýsinga og eftir atvikum að ná samningi við núverandi alþjónustuveitanda um að sinna alþjónustu í landinu til eins eða tveggja ára frá gildistöku nýrra laga nú um áramótin. Engar eiginlegar samningaviðræður hafa átt sér stað heldur hafa aðilar verið að meta stöðuna og fjallað hefur verið um ýmsa óvissuhætti.

Tafir hafa orðið á veitingu skýrra upplýsinga frá núverandi alþjónustuveitanda m.a. vegna fyrr nefndra breytinga og óvissu og hefur ráðuneytið skilning á því. Að mati ráðuneytsins er við þessar aðstæður ástæða til að endurmeta hvaða aðferð verður beitt við val á alþjónustuveitanda eða alþjónustuveitendum.

Rétt er að benda á að ríki Evrópu, að Þýskalandi undanskildu fóru öll þá leið að útnefna alþjónustuveitanda við afnám einkaréttar í pósti. Í ljósi framangreindra atriða metur ráðuneytið stöðuna svo að nauðsynlegt sé að fara útnefningarleiðina til að tryggja alþjónustu í pósti frá og með gildistöku nýrra póstlagá þann 1. janúar næstkomandi og til að eyða þeirri óvissu sem nú er uppi um framkvæmd hinna nýju laga.

Við útnefningarleiðina er mikilvægt að taka tillit til þess að nýrri stendur yfir vinna við smíði nýrrar reglugerðar um alþjónustu. Gera má ráð fyrir að í reglugerðinni verði sett ákvæði sem kunni að draga úr kostnaði alþjónustuveitanda af þjónustunni, og þar með ríkissjóðs. Með hliðsjón af því væri ekki æskilegt að ríkið væri bundið af orðalagi í útnefningunni, sem færí gegn hinni nýju reglugerð.

Í tengslum við útnefningu alþjónustuveitanda þarf jafnframt að meta mögulega alþjónustubyrði sem

slíkri útnefningu kann að fylgja. Að álti ráðuneytisins er eðlilegt, við slíkt mat, að ávöxtunarkrafa fjármagns skuli reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem leiðir af hagkvæmum rekstri póstrekkanda.

Ráðuneytið leggur jafnframt til, ef mögulegt er, að stofnunin ákvarði „varúðarframlag“ til handa mögulegum alþjónustuveitanda sem kæmi til útborgunar á árinu 2020, ef stofnunin metur það svo að slíkt sé nauðsynlegt til að tryggja alþjónustu um land allt. Endanlegt uppgjör færí fram þegar viðeigandi rekstrar- og bókhaldsgögn liggja fyrir.

Ráðherra felur yður hér með, með vísan til 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 98/2019, sem taka gildi 1. jan. 2020, að undirbúa útnefningu á alþjónustuveitanda sem taki gildi þann 1. janúar 2020. Vakin er athygli á því að við val á þjónustuveitanda eða þjónustuveitendum skal viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Skyldu til veitingar þjónustu má afmarka við tiltekna landshluta, póstnúmer og/eða tiltekna þætti pósthjónustu.

Yður tilkynnist þetta hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Skúli Þór Gunnsteinsson